

Stefna um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði

Hagsmunaaðilagreining - 2. útgáfa

20. apríl 2011.

Skilgreining hagsmunaaðila við stjórnun verkefna hefur margþættan tilgang. Hún eykur skilning stjórnenda verkefnis og annarra þátttakenda á eðli verkefnisins og hvernig leiða beri fram markmið þess og skilgreina árangur. Hagsmunaaðilagreining er einnig notuð til að skipuleggja samskipti í verkefni, því árangur getur að verulegu leyti oltið á samskiptum við hagsmunaaðila og því hvernig tekst að uppfylla væntingar þeirra. Forsenda árangurs og skilvirkra samskipta er að stjórnendur verkefnis kunni skil á því hverjir eru hagsmunaaðilar í verkefninu, á stöðu þeirra, væntingum og þýðingu þeirra fyrir verkefnið.

Í daglegu starfi skipuheilda (e. organizations; stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök) er í auknum mæli tekist á við að skilgreina hagsmunaaðila í umhverfi skipuheildarinnar, ekki bara fyrir tiltekin, stök verkefni, heldur fyrir hina daglegu starfsemi. Slíkir hagsmunaaðilar geta haft ólíkar þarfir og væntingar sem skipuheildin þarf að taka tillit til og uppfylla, rétt eins og við stjórnun einstakra verkefna.

Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs segir:

„Stjórnunar- og verndaráætlun er eitt meginstjórnntæki Vatnajökulspjóðgarðs. Í áætluninni er sett fram stefna um náttúruvernd, útivist og byggðabróun í þjóðgarðinum. Áætlunin felur í sér stefnu og markmið þjóðgarðsins, leiðarljós hans og framtíðarsýn. Í henni er tilgreint hvernig háttað skuli nýtingu gæða þjóðgarðsins og einstakra svæða hans, og hvernig eigi að tryggja vernd svæða og viðhald til framtíðar. Stjórnunar- og verndaráætlun felur einnig í sér markmið um uppbyggingu innviða Vatnajökulspjóðgarðs, samgönguleiða og þjónustu, rannsóknir og vöktun.“

Í áætluninni er einnig fjallað um samstarf við hagsmunaaðila og skilgreiningu samstarfsaðila (ávarp og inngangur). Þar segir:

„Áætluninni er ekki einungis ætlað að styðja stjórnendur þjóðgarðsins í störfum sínum heldur einnig að endurspeglar sameiginlegar væntingar og áform þeirra sem koma að fjölbreyttri starfsemi, útivist eða eiga aðra hagsmuni á starfssvæði þjóðgarðsins. Markmið áætlunarinnar eru sett fram með það í huga að stjórnendur þjóðgarðsins og aðrir opinberir aðilar nái sem best að uppfylla skyldur sínar en geti jafnframt með aðgerðum sínum, stjórnun og verklagi stutt aðra aðila við að ná markmiðum sínum til hagsbóta fyrir starfsemi í þjóðgarðinum og á nærliggjandi svæðum.“

Í markmiðskafla Stjórnunar- og verndaráætlunar er einmitt ráðgert að stjórn þjóðgarðsins skilgreini helstu samstarfsaðila úr hópi hagsmunaaðila og vinni áætlun um hvernig haga skuli samstarfinu við þá.

Um samgöngur í þjóðgarðinum – samráð við hagsmunaaðila

Fjölmargar athugasemdir bárust við tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun á auglýsingatíma hennar, sem sneru að samgöngum, leiðum og aðgengi í þjóðgarðinum. Talsverð umfjöllun varð í fjölmiðlum og blaðaskrif þeirra sem gerðu athugasemdir og töldu hagsmuni sína fyrir borð borna vegna stefnu S&V um samgöngur. Í greinargerð umhverfisráðherra með staðfestingu á Stjórnunar- og verndaráætlun dags. 28. febrúar 2011, lagði ráðherra fyrir stjórn þjóðgarðsins að bjóða til frekara samráðs um samgöngur í þjóðgarðinum. Var það gert með þeim orðum að ráðuneytið teldi æskilegt að frekari umfjöllun færi fram um þann kafla S&V sem snýr að samgöngum, þar sem fram hafi komið ítarlegar og rökstuddar tillögur að breytingum, sem kalli á frekari umræðu og ítarlegri yfirferð. Með því gæti náðst meiri sátt um samgöngukerfi þjóðgarðsins, þar sem farið væri yfir allar breytingatillögur sem borist hefðu og rök stjórnar fyrir vali á leiðum myndu koma skýrar fram.

Viðfangsefnið og hagsmunaaðilagreining

Stjórn þjóðgarðsins hefur nú ákveðið að bjóða til slíks samráðs. Það felst í því að skoða frekar samgöngukafla S&V, m.a. út frá forsendum og tillögum sem hagsmunaaðilar vilja koma á framfæri, og setja fram tillögur til breytinga, ef þörf er talin á. Slík umfjöllun fari fram með aðkomu hagsmunaaðila. Hinsvegar gerir samráðsáætlunin ráð fyrir því að umræða um stakar leiðir í þjóðgarðinum verði því aðeins markviss að á undan fari umræða um æskilega almenna eiginleika samgöngukerfisins. Að því leyttinu getur það verið gagnlegt að skoða stöðu og væntingar hagsmunaaðila eins og verið væri að hefja umfjöllun um samgöngur í þjóðgarðinum núna. Þá fælist viðfangsefnið einfaldlega í mótun stefnu um samgöngur og horft væri til væntinga hagsmunaaðila til samgangna í þjóðgarðinum, almennt séð.

Í þessu skyni þarf að skilgreina þá aðila sem hagsmuni hafa og boðið yrði til umræðu um samgöngur í þjóðgarðinum. Til að flýta fyrir eru hér sett upp í töflu fyrstu drög að slíkri greiningu. Nöfn hagsmunaaðila eru m.a. fengin úr eftirfarandi gögnum:

- Listi yfir þá sem gerðu athugasemdir við efni S&V á auglýsingatíma tillögunnar 2010
- Listi yfir umsagnaraðila um tillögu að S&V og svör þeirra v/auglýsingar maí 2010
- Upptalning þeirra sem boðið var til samráðsfundar 16. nóv. 2009 af hálfu Vonarskarðshóps (fundargerð)
- Listi Norðursvæðis yfir hagsmunaaðila á því svæði og hlutverki þeirra
- Almennar upplýsingar aðrar, t.d. frá þjóðgarðsvörðum.

Farið er ofan í það hverjir hagsmunaaðilarnir eru, hvaða hlutverki þeir gegna eða hvert framlag þeirra til verkefnisins er – séð frá hlið verkefnisins. Einnig er leitast við að skilgreina væntingar sem hagsmunaaðilarnir hafa til framvindu og útkomu verkefnisins – séð frá þeirra bæjardrym. Eftirfarandi er sett fram til frekari skýringa á því sem fram kemur í töflunni:

Hagsmunir: Almennt má segja að hagsmunir þeirra sem hér eiga í hlut felst í því, í nútíð og framtíð, að ferðast og komast um, njóta útiveru og náttúru í Þjóðgarðinum, hvort sem er til afþreyingar og yndisauka, í atvinnuskyni eða vegna vísindalegra rannsókna.

Hagsmunaaðilar: Þeir aðilar sem stefna um samgöngur í Þjóðgarðinum hefur áhrif á og hafa því hagsmuni af því hvað sú stefna felur í sér bæði hin almennu viðmið stefnunnar og grunnur hennar, sem og einstakar ákvarðanir eða ráðstafanir sem af henni leiðir. Að auki eru hér taldir þeir sem annast mótun stefnunnar.

Nánar um hagsmunaaðila: Hér eru settar fram ítarlegri upplýsingar um hagsmunaaðila, tilgang og markmið í starfsemi hans. Sett fram í því skyni að hægt sé að glöggva sig á snertiflötum sem geta haft áhrif á verkefnið.

Hlutverk hagsmunaaðila eða framlag til samráðsins:

Hér er reynt að draga fram stöðu aðila í samráðferlinu sem fram undan er og hvað aðili getur lagt af mörkum til þess. Framlag aðila felst að líkindum einkum í því að þeir geta miðlað af reynslu sinni og upplýsingum sem þeir búa yfir, t.d. af ferðum um svæðið og ástandi leiða, um rannsóknir, mælingar eða aðra upplýsingasöfnun um svæðið. Einnig getur framlag aðila falist í hugmynd að lausnum eða málamiðlunum sem geta orðið að tillögum um breytingar á S&V.

Væntingar hagsmunaaðila: Reynt er að skilgreina líklegar væntingar hagsmunaaðila til samgangna og aðgengis í Þjóðgarðinum. Einnig væntingar til stefnu S&V um samgöngur, umferð og upplifun í Þjóðgarðinum og til samstarfs við Þjóðgarðsyfirvöld og aðra hagsmunaaðila. Eins og áður sagði, þá er gagnlegt að hafa tvö sjónarhorn; annars vegar almenn sjónarmið um umfang og eiginleika samgöngukerfisins en hinsvegar út frá því tiltekna samgöngukerfi sem í gildi er eftir að S&V hefur verið mótuð og samþykkt.

Væntingar flestra hagsmunaaðila felast í því að þeir vilja fá að koma að og taka þátt í samtali og ákvörðunum sem þarf að taka við mótun S&V eða mögulegar breytingar á henni nú. Líklegar væntingar sumra aðilanna eru í þá átt að breytingar verði gerðar á S&V í átt til rýmkunar að þeirra skapi. Væntingar annarra kunna að snúast um að ekki verði gerðar breytingar á S&V. Aðrir (eða þeir sömu) vænta þess að málamiðlun náist milli andstæðra sjónarmiða sem hægt sé að una við.

Flokkun – forgangsröðun hagsmunaaðila*: Vægi hagsmuna getur verið mismunandi, sumir hagsmunaaðilar hafa afmarkaða hagsmuni, t.d. á litlu svæði eða hagsmuni sem eru bundnir við lítinn hluta ársins, meðan telja má að hagsmunir annarra séu ríkari eða viðmeiri í samanburðinum. Það getur haft verulega þýðingu að flokka hagsmunaaðila og greina áhrif þeirra á viðfangsefnið. Það getur t.d. hjálpað til við að ákveða aðkomu þeirra að ákvörðunum eða samtali um málefni Þjóðgarðsins. Í því skyni er stundum gripið til einkunnagjafar, þar sem mikilvægi og áhrif hagsmunaaðila á árangur verkefnisins (hér: smíði tillagna, framkvæmd samgöngustefnu Þjóðgarðsins) er metið með einkunn frá 1 til 5. Margfeldi mikilvægis og áhrifa gefur mynd af því hvers virði hagsmunaaðilar eru viðfangsefninu.

Aðgerðir*: Í greiningu sem þessari eru svo, í samræmi við það sem fram er komið, tilgreindar aðgerðir til að mæta væntingum hagsmunaaðila til viðfangsefnisins. (má fylla út síðar)

- - -

*Þar sem hér er um afmarkaðan þátt í stefnu S&V að ræða, samgöngur í þjóðgarðinum, er þegar búið að velja saman þá sem nokkuð líka hagsmuni hafa, um viðkomandi mál. Aðkoma þeirra felst í samræðu um samgöngur í S&V, einkum setningu almennra viðmiða sbr. samráðsáætlun.

Það er því ekki eins mikilvægt og ella, að meta vægi þeirra og forgangsraða þeim. Það mætti þó gera, ef vilji er til að fá mynd af þeim mikilvægustu, hugsanlega m.t.t. þátttöku í væntanlegum samráðsfundi. Aðgerðir eru heldur ekki tilgreindar til að byrja með, þar sem viðfangsefnið felst í að koma á samtali á samráðsfundi um samgöngumál í þjóðgarðinum. Hagsmunaaðilar eru hins vegar flokkaðir í nokkra hópa, sjá töflu.

Tafla yfir hagsmunaaðila

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (A) | Einkunn = MxA | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|------------------------|--|---|---|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Innri aðilar | | | | | | | | |
| Stjórn VJÞ og frkvstj. | Sbr. lög um VJÞ | Ber ábyrgð á vinnu við S&V Markar stefnuna sem birtist í S&V á grunni tillagna svæðisráða og gerir tillögu um breytingar, eftir atvikum Skipuleggur samskipti við hagsmunaaðila | | | | | | |
| Svæðisráð | Sbr. lög um VJÞ | Vinna tillögur um S&V á grunni samráðs við hagsmunaaðila Útvega upplýsingar um svæðið í samráði við ráðgjafa sína | | | | | | |
| Þjóðgarðsverðir | Sbr. lög um VJÞ | Leggja til mikilvægar upplýsingar um ástand svæða. Vinna eftir tillögum / stefnu S&V. Hafa lokunarheimildir í samræmi við lög, m.v. ástand svæða. | | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|--|---|---|---|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Umhverfisráðuneyti | Sbr. lög um VJÞ | Staðfestir S&V. <i>(Út frá því hlutverki/framlagi aðila, er t.d. ekki æskilegt að þessi hagsmunaaðili eigi þátt í samráðsfundi um efni S&V.)</i> | Að markmiðum löggjafar og stefnu stjórnvalda sé náð. Að S&V sé unnin af svæðisráðum og stjórn, í samræmi við lög. Að gott samstarf hafi verið við hagsmunaaðila. | | | | | |
| Landssamtök með almenna hagsmuni sem varða aðgengi, umferð og útivist | Samtökin eiga það sammerkt að vera heildarsamtök á viðkomandi sviði, vinna að og gæta þeirra hagsmuna sem þau eru stofnuð um og eru málsvari sinna félaga /deilda/félagsmanna út á við. Stefna um samgöngur í S&V hefur áhrif á viðk. samtök og félagsmenn þeirra og setur viðmið/reglur um umgengni. | Allir: Miðlun upplýsinga og reynslu. Hugmyndir um málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða. Til viðbótar – sjá neðangreint: | Að eiga nærandi dvöl í þjóðgarðinum. Taka þátt í samtali og ákvörðunum um mótun S&V eða mögulegar breytingar á henni nú. | | | | | |
| Landssamband hestamannafélaga | Að sinna hagsmunamálum hestamanna á sviði samgöngu- og ferðamála, landnýtinga- og umhverfismála. | Miðlun upplýsinga um reiðleiðir, áfangastaði o.fl. | Í þjóðgarðinum sé úrval áhugaverðra reiðleiða og ákjósanlegir áningarstaðir, ekki síst sé boðið upp á leiðir sem þekktar eru frá fornu fari. Vilja rýmkun S&V á reiðleiðum, m.a. að hestaumferð verði leyfð um Bárðargötu í Vonarskarði og skilgreina þurfi 6 reiðleiðir, tilgreindar, og áningarstaði. | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|---------------------|---|---|--|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Ferðaklúbburinn 4x4 | Samtök um ábyrga ferðamennsku á hálendinu og búnað 4x4-bifreiða. Markmið að standa vörð um ferðafrelsi, gefa gott fordæmi um umgengni og verndun landsins m/jákv. eftirbreytni og umræðu um náttúruvernd, efla þekkingu félagsmanna á ferðalögum um byggðir og óbyggðir landsins. | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Komast megi að helstu áfangastöðum akandi enda komist margir ekki með öðrum hætti. Jafnframt séu leiðirnar sjálfar áhugaverðar og fjölbreyttar. Vilja aðkomu að ákvörðunum um opnar/lokaðar leiðir í VJÞ. Vilja rýmkun S&V á akstursleiðum, m.a. að Vonarskarð verði opið akandi umferð – og fleiri leiðir. | | | | | |
| Ferðafélag Íslands | Að stuðla að ferðalögum á Íslandi og greiða fyrir þeim, m.a. með merkingu gönguleiða og rekstri gistiskála í óbyggðum, gangast fyrir ferðalögum, stuðla að góðri umgengni og náttúruvernd. | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Þjóða megi ferðir og ferðamáta af ólíku tagi, t.d. gönguferðir, trússferðir og ökuferðir. Vonarskarð fyrst og fremst nýtt sem göngusvæði, sérstæð náttúra og kyrrð öræfa þar verði óröskuð. Akstri vélknúinna ökutækja og byggingu/rekstri skála þannig að þessi markmið náist. Akstur á snjó verði heimill sbr. lög. | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|--------------------------------------|---|---|--|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Ferðafélagið Útivist | Að hvetja til ferðalaga um Ísland, hollrar útiveru og verndar og virðingar fyrir náttúru landsins, m.a. með rekstri gistiskála. | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Bjóða megi ferðir og ferðamáta af ólíku tagi, t.d. gönguferðir, trússferðir og ökuferðir. Gönguleiðir um Vonarskarð og núverandi akstursleið þarf ekki að skarast með neinum hætti. Sjálfsagt að loka fyrir akstur inn í Snapadal en ekki nauðsynlegt að loka alfarið fyrir akstur um svæðið frá Gjóstuklifi að Svarthöfða. | | | | | |
| Landssamband íslenskra vélsleðamanna | Öryggis- og hagsm.mál sleðamanna. Stuðla að góðri umgengni sleðamanna og vernd náttúru landsins. | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Komast megi að helstu áfangastöðum á vélsleðum. | | | | | |
| Landssamtök hjólréiðamanna | Aðildarfélag LHM eru Íslenski fjallahjólaklúbburinn (ÍFHK) og Hjólréiðafélag Reykjavíkur (HFR) skv. vefsíðu. (NB: Í aths. segir: <i>Öll stærstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM.</i> Eru aðildarfélagin fleiri?) | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Almennt geti hjólréiðamenn farið þar sem göngufólki er heimilt að fara. Vanþekkingar og fordóma gæti í garð hjólréiða; göngustígum stafi ekki hætta af hjólandi umferð. Ákvæðum í S&V verði því breytt, þannig að hjólréiðamönnum sé heimilað að fara um svæði þar sem gangandi umferð er leyfð. | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|--|--|---|--|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Íslenski fjallahjólaklúbburinn | Auka reiðhjólanoftkun og vinna að bættri aðstöðu hjólreiðafólks til samgangna. | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Almennt geti hjólreiðamenn farið þar sem göngufólki er heimilt að fara. | | | | | |
| Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir (félag áhugafólks um ferðalög og útivist á vélhjólum (= tví-, fjór- og sexhjól)) | Standa vörð um tilvist og akstur á torleiðum, þjóðleiðum og vegslóðum á lág- og hálendi, í samræmi við lög. Miðla uppl. um þessar leiðir. Vernda og viðhalda akstursleiðum í þágu landnýtingar fyrir vélknúin farartæki, auka þekkingu á ferðalögum og útivist, útbreiða og efla útivist og notkun vélhjóla sem alm.íþr. Gefa gott fordæmi um umgengni með jákv. eftirbreytni og umræðu um náttúruvernd. | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Komast megi að helstu áfangastöðum á vélhjólum (2-4-6-hjól). Jafnframt séu leiðirnar sjálfar áhugaverðar og fjölbreyttar. Taka undir tillögur Samút, Jöklarannsóknarfél. og F4x4. Mikilvægt stjórnunartæki til að u ppfylla þarfir ferðafólks á ökutækjum og draga úr akstri ut an vega er skipulagning hringaksturs. Hugsa leiðir með hringakstur í huga. | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|--|---|--|---|---------------|-----------|---------------|---|---|
| <p>SAMÚT (Samtök íslenskra almenningsfélaga sem hafa hvers konar útivist* að markmiði.)</p> <p>(*hvers konar náttúruupplifun sem stuðlar að bættri heilsu, vellíðan og auknum skilningi á þeim verðmætum sem fólgin eru í náttúrunni)</p> | Standa vörð um rétt almennings til að umgangast náttúruna og vera málssvari aðildarfélaga gagnvart stjórnvöldum og öðrum í sameiginlegum hagsmunamálum. | Eiga fulltrúa í svæðisráðum og áheyrnarfr. í stjórn. Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Þjóðgarðurinn bjóði upp á fjölbreytta útivist og náttúruupplifun. Taka undir aths. Landssamb. Hestam.félaga um að skilgreina tilt. reiðleiðir og telja ekki ástæðu til að loka Vonarskarði f. hestaumferð. Skilgreina beri áningarstaði með 8-10 km millibili. Ferðafólki sé heimil för akandi eða ríðandi um vegir og slóða sem þurfa að vera opnir v/sérstakra nota, t.d. v/orkuframkv., landbún., eða aðrar leiðir þar sem þörf er á viðvarandi vegum. | | | | | |
| Landsbjörg | Leit, björgun, almannavarnir, almennt öryggi | Gera grein fyrir öryggisþáttum sem varða samgöngukerfið | Samgöngukerfið sé öruggt og nýttist t.d. í leit og björgun og í viðbrögðum við náttúruvá. | | | | | |
| Landshlutabundin samtök eða samtök um svæðisbundna hagsmuni | Svæðisbundnir hagsmunir, en að öðru leyti sambærilegir og móðurfélaga | | | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|--|--|--|--|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Svæðis- eða landshlutabundin félög eða félagsdeildir innan samtaka sem nefnd eru hér fyrir ofan og starfa á landsvísu. Dæmi: Ferðafrelsisnefnd Eyjafjarðardeildar Ferðaklúbbsins 4x4 Ferðafélag Akureyrar Ferðafélag Húsavíkur Ferðamálafélag Mývatnssveitar (Listinn er ekki tæmandi) | | Þekking á heimasvæði félagsins og staðháttum. | Sambærilegar væntingar og við móðurfélög/félagasamtökin á svæðisvísu – en m.t.t. hagsmuna sem snerta svæðið. Dæmi frá Ferðafrelsisnefnd Eyjafjarðardeildar 4x4: Málamiðlun um Vonarskarð. Að tilgreindir vegir á N- og NA-svæði verði opnir akandi umferð. Að lagfært verði ósamræmi í umfjöllun um vegi, m.a. utan þjóðgarðs. O.fl. | | | | | |
| Gæsavatnafélagið | Viðhald slóða að jökli við Gæsavötn. Eftirlit þar utan starfstíma landvarða, aðgerðir til að hindra gróðureyðingu. | | Félagsmenn geti notið dvalar í Gæsavötnum og farið um nágrennið. | | | | | |
| Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum | Sameiginlegur málsvári leiðsögumanna með hreindýraveiðum, út á við og gagnv. stjórnvöldum. Aðstoða stjórnvöld við mótun og stefnumörkun í málum sem varða hreindýraveiðar. | Miðlun upplýsinga um hagsmuni við hreindýraveiðar, um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Samgöngukerfið þjóni þörfum veiðimanna. Farin verði leið til að forða árekstrum milli veiðimanna og göngu- og skólahópa (sjá aths.) Aths. ekki þó beint um samgöngur. Að nota megi 6-hjól vegna hreindýraveiða (blaðaumfjöllun) | | | | | |
| Landvernd | Regnhlífarsamtök félaga sem starfa að umhverfismálum | Þekking á umhverfisvernd | Íslensk náttúra sé varin | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|---|--|---|--|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Náttúruverndarsamtök Íslands | Verndun íslenskrar náttúru | Þekking á náttúruvernd | Samgöngukerfið samrýmist náttúruverndarsjónarmiðum | | | | | |
| Hið íslenska náttúrufræðifélag | Verndun íslenskrar náttúru | Þekking á náttúruvernd | Samgöngukerfið samrýmist náttúruverndarsjónarmiðum | | | | | |
| Félög/fyrirtæki/samtök með rannsóknartengda hagsmuni eða atvinnulega | | | | | | | | |
| Jöklarannsóknafélag Íslands | Jöklarannsóknir | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Komast megi að mest sóttu bækistöðvum og rannsóknastöðum án sérstakrar undanþágu. | | | | | |
| Raunvísindastofnun HÍ | Rannsóknir á náttúrufari | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Komast megi að mest sóttu bækistöðvum og rannsóknastöðum án sérstakrar undanþágu. Vísindamönnum verði tryggt aðgengi á svæðinu v/rannsóknna og eftirlits. | | | | | |
| Landsvirkjun | Rannsóknir á náttúrufari m.t.t. virkjana | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Komast megi að mest sóttu bækistöðvum og rannsóknastöðum án sérstakrar undanþágu. Tryggja þurfi aðgengi til rannsókna á ýmsum svæðum, en sérstaklega á Þjórsár-Tungnaásvæði vegna rannsókna og vöktunar á Veiðivatnahrauni, Vonarskarði og í Sveðjuhrauni við | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|--------------------------|--|--|--|---------------|-----------|---------------|---|---|
| | | | Hágöngulón | | | | | |
| Landsnet | Rannsóknir á mögulegum línustæðum og eftirlit viðhald á núverandi línunum | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Aðgengi að núverandi línunum og mögulegum línustæðum. | | | | | |
| Samtök ferðaþjónustunnar | Sameiginlegur vettvangur íslenskra fyrirtækja sem stunda rekstur á sviði ferðaþjónustu | Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl. | Aðildarfyrirtæki í ferðaþjónustu geti boðið upp á fjölbreyttar ferðir fyrir ólíka markhópa. Töldu hömlur settar ferðaþjónustunni í S&V, m.a. lokun fjölda vega/slóða sem eknir hafi verið – komi illa fyrir ferðaþj.fyrirtæki, sérstaklega Vonarskarðið. Vilja vegstikun þar og lokun f. aðra en ferðaþj.aðila. Til vara: leið um Gjóstu að Hnýflum. Áhyggjur af lokunarheimildum þjóðgarðsvarða. + Vilja fá beina aðkomu að stjórnun þjóðgarðsins, eins og náttúruverndar- og útivistarsamtök. | | | | | |
| Landeigendur | Sbr. lög um VJÞ. Samráð áskilið við þá í lögunum, sbr. 12. gr. Sumir þeirra í samningssambandi við | Leggja til mikilvægar upplýsingar og sjónarmið varðandi landnýtingu. | Komast megi um til að sinna búskap með sem minnstum utanvegaakstri skv. undanþágu. Samstarf verði haft við þá um landnotkun og leiðir. | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|--|---|--|---|---------------|-----------|---------------|---|---|
| | Þjóðgarðinn/ráðuneytið. | | Samstarf um lagningu og merkingu gönguleiða, áninga- og gististaði á leiðunum. | | | | | |
| Einkaaðilar í ferðapjónustu, fjallaleiðsögn, jöklaferðum, o.s.frv. | þurfa að geta boðið áhugaverða þjónustu. | Gera grein fyrir þörfum ferðapjónustuaðila. | Fyrirtækin geti boðið upp á fjölbreyttar ferðir fyrir ólíka markhópa. | | | | | |
| Sveitarfélögin | Fara með skipulagsvald á sínu svæði, en áhrif á það frá S&V. Gæta almannahagsmuna; hagsmuna íbúa sinna. Einstök þjónustusvið. | Eiga hlutdeild í stjórnun VJÞ, með fulltrúum í svæðisráðum og stjórn, sbr. lög. Miðlun upplýsinga um skipulag, leiðir, o.fl. | Samgöngukerfið, ásamt þeirri þjónustu sem það ber, sé undirstaða fjölbreyttrar starfsemi og atvinnusköpunar. Íbúar geti tengst áttögum. Öryggi almennings sé tryggt þegar náttúruvá ber að höndum. Gott samstarf við þjóðgarð, um skipulags- og framkvæmdamál, þ.á m. á grunni S&v. M.a. um legu vega og aðkomuleiðir, stöðasetningu þjónustu o.fl. Sum svf. gerðu fyrirvara um atriði sem snerta samgöngur í S&v. | | | | | |
| Skútustaðahreppur | | | Aths.v.S&v: spurt um rök f banni um Vonarskarð, Öskjuleið ofl. | | | | | |
| Fljótisdalshreppur | | | Aths. við S&v: Reiðleiðir ekki opnar eins og voru áður. | | | | | |
| Fljótisdalshérað | | | | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|----------------------|---|--|---|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Ásahreppur | | | Aths. við S&v: slóðar ekki í samræmi við skipulag. Gerðu ráð fyrir að Vonarskarð væri opið bílaumferð. | | | | | |
| Svf. Hornafjörður | | | | | | | | |
| Svf. Norðurþing | | | | | | | | |
| Þingeyjarsveit | | | | | | | | |
| Skaftárhreppur | | | | | | | | |
| Rangárþing ytra | | (nýtir Holtamannafrétt á sama hátt og Ásahreppur) | | | | | | |
| Aðrir | | | | | | | | |
| Náttúrufraeðistofnun | Vegna almenns hlutverks síns og vegna kvaðar um samráð, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. laga um VJÞ. | Miðlun upplýsinga um löggjöf, um rannsóknir, ástand svæða, leiðir, o.fl. | Óljóst hvernig leiðir upp á jökul séu valdar og hvort óheimilt sé að fara upp á jökul annars staðar að sumarlagi. Umfjöllun um aðgengi hreyfihamlaðra takmörkuð og þyrfti að fylla. | | | | | |
| Umhverfisstofnun | Vegna almenns hlutverks síns og vegna kvaðar um samráð, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. laga um VJÞ. | Miðlun upplýsinga um löggjöf, um stefnumörkun ríkisvalds a.ö.l., o.fl. | | | | | | |

| Hagsmunaaðili | Nánnar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang | Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins | Væntingar aðila til ferlis og útkomu Almennt Út frá núverandi stöðu | Mikilvægi (M) | Áhrif (Á) | Einkunn = MxÁ | Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila) | Ábyrgð – (hver af hálfu VJÞ ber ábyrgð á viðk. aðgerð) |
|---------------|---|--|--|---------------|-----------|---------------|---|---|
| Vegagerðin | Veghald þjóðvega í VJÞ. Viðhald og merkingar á vegum og umferðar-mannvirkjum sem undir Vg. heyrir. Opnun og lokun vega, m.a. vegna ástands. | Miðlun upplýsinga um löggjöf, vegi og veghald, leiðir, o.fl. | Samgöngukerfi þjóðgarðsins falli að vegakerfinu almennt og samrýmist kröfum sem gerðar eru í vegalögum, að svo miklu leyti sem það heyrir undir Vegagerðina. | | | | | |

Hagsmunaaðilagreining og skýring á gildum (ef farið er út í einkunnagjöf):

| | | | | | |
|-----------|---|-------------------|-------|---|----------|
| Mikilvægi | 5 | bráðnauðsynlegur | Áhrif | 5 | Alger |
| | 4 | nauðsynlegur | | 4 | Mikil |
| | 3 | þó nokkur | | 3 | Nokkur |
| | 2 | æskilegur | | 2 | Lítill |
| | 1 | skiptir ekki máli | | 1 | Óveruleg |